

Skrifstofa Alþingis, nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 8. desember 2014
Tilvísun: 2014110023/50.11
Verknúmer: 1227000


Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum, 305. mál.

Orkustofnun vísar til erindis nefndasviðs Alþingis þar sem athugasemda er óskað fyrir hönd Atvinnuveganefndar vegna frumvarps til laga um breytingu á raforkulögum. Er markmiðið með frumvarpinu að innleiða þar með EES-reglur er varða kerfisáætlun flutningsfyrirtækis.

Orkustofnun kom að undirbúningi frumvarpsins og hefur því þegar haft tækifæri til að koma athugasemdum sínum að. Orkustofnun hefur talið mikilvægt að markmiðið sé að tryggja gæði raforku og afhendingaröryggi. Telur stofnunin að auk þess megi með frumvarpinu ná fram aukinni skilvirkni kerfisáætlunar. Kerfisáætlun mun, ná frumvarpið fram að ganga, horfa lengra fram í tímann en áður hefur verið gerð lagakrafa um. Aukið er á samráð við áætlunargerð auk þess sem samráðið hefur með þessu verið lögfest. Þannig ber flutningsfyrirtækinu að hafa viðtækt samráð við gerð áætlunarinnar og Orkustofnun einnig gert að hafa samráð við viðskiptavini flutningsfyrirtækisins áður en kerfisáætlun er samþykkt. Þá kemur Orkustofnun til með að hafa mjög aukna þátttöku við undirbúning og eftirlit með kerfisáætlun. Orkustofnun telur jákvætt að samráð við sveitarfélög sé fært frammar í ferlinu svo og að aukið sé á gagnsæi við ákvarðanatöku er varðar uppbyggingu flutningskerfisins. Rétt er að benda á að gildandi ákvæði um leyfisveitingu Orkustofnunar hefur haldist í frumvarpinu til að taka á þeim möguleika að fara þurfi í framkvæmd sem ekki hefur komið fram í kerfisáætlun flutningsfyrirtækisins. Í slíkum tilfellum verður sambærilegu ákvæði beitt þar sem þess er krafist að flutningsfyrirtækið sæki sérstaklega um einstaka framkvæmd til Orkustofnunar, sbr. 2. mgr. núgildandi 9. gr. raforkulaga.

Orkustofnun ítrekar því mikilvægi frumvarpsins en áskilur sér jafnframt aðkomu að málinu verði breytingar á frumvarpinu.

Virðingarfyllst



Guðni A Jóhannesson
Orkumálastjóri



Harpa Þórunn Pétursdóttir
lögfræðingur